

LAUGARDAGUR

Lítið
fiskimanna-
þorp við
Apaflóa.
Þurrkpallar,
eintrján-
ungar og
stærri
bátar -
rólegt
mannlíf



Mannlíf að morgni dags við Apaflóa í Malaví

Myndasaga: Stefán Jón Hafstein



Smáfiskur er hertur undir morgunsólinni á hjöllum. Bastmottur eru undirlag.



Konur ganga til þvotta á ströndinni. Í þorpin kemst maður eftir þröng einstigi í kletthlíð eða á báti. Enginn vegur, engin umferð. Ekkert nema ölduhljóð og gleðilæti barnanna.




Ég er ekki viss um að neinn viti
hvað klukkan er





Hvergi heyrir í farsíma ekki í útvarpi eða sjónvarpi



Afli dagsins
nægir í
stöppu út á
maísjafning
handa
fjölskyldunni,
með olíu,
tómötum og
lauk ef
heppnin er
með.

